



**Greinargerð með
fjárhagsáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar,
stofnana, fyrirtækja og sjóða hans
fyrir árið 2016,
þriggja ára áætlun fyrir árin 2017 - 2019
og 10 ára áætlun
Fyrri umræða 11. nóvember 2015.**



Almennt

Eins og undanfarin ár er samhliða fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram þriggja ára áætlun fyrir árin 2017 til 2019. Undirbúningur og vinna við gerð fjárhagsáætlunar hófst síðastliðinn vetur með samþykkt og úthlutun fjárhagsramma sem er grunnur að þeirri tillögu að fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram. Fjárhagsáætlunin hefur verið unnin eftir tímasettri áætlun og römmum um fjárheimildir sem byggja á þriggja ára áætlun 2016 til 2018. Nokkur seinkun hefur orðið á framlagningu tillögu að fjárhagsáætlun frá því sem gert er ráð fyrir í ferli fjárhagsáætlunar. Annars vegar er um að ræða seinkun á afhendingu líkans sem notað er við gerð launaáætlunar en það mun styðja við eftirlit og eftirfylgni við launahald. Hins vegar eru skil frá aðilum á gögnum og áætlunum sem notuð er við fjárhagsáætlunarvinnuna heldur sein miðað við tímaáætlun í fjárhagsáætlunarferlinu og mun það verða haft til hliðsjónar við gerð tímaáætlunar á næsta ári. Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 og þriggja ára áætlun 2017 til 2019 var samþykkt á fundi bæjarráðs fimmtudaginn 5. nóvember síðastliðinn til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal tillaga að fjárhagsáætlun vera tilbúin og afgreidd frá bæjarráði fyrir 1. nóvember til fyrri umræðu í bæjarstjórn og samþykkt eftir síðari umræðu í bæjarstjórn fyrir 15. desember ár hvert.

Viðmið fjárhagsáætlunar

Helstu viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar eru:

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.
3. Framlegð rekstrar (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) sé á bilinu 16–21%.
4. Veltufé frá rekstri sé ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum.

Samanburður á helstu viðmiðum um afkomu og fjárhagsstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar viðkomandi niðurstöðu fjárhagsáætlunar 2015.

1. Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
Samkvæmt fjárhagsáætlun er samanlagður rekstur árána 2014-2016 í A-hluta jákvæður sem nemur 70,5 milljónum króna og niðurstaða samstæðunnar jákvæð um 191,6 milljónir króna.
2. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.
Samkvæmt áætluninni mun skuldaviðmið samstæðunnar í reikningsskilum um áramót 2015 verða 131,8 og í lok árs 2016 verður hlutfallið 122,9 var í árslok 2014 148,6 samanber framlögð yfirlit.
3. Framlegð rekstrar (niðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði) sé á bilinu 16–21%.
Samkvæmt niðurstöðu fjárhagsáætlunarinnar verður EBITDA framlegð samstæðunnar 22,12% lækkar frá uppgjöri ársins 2014 úr 22,49%.
4. Veltufé frá rekstri sé ekki lægri fjárhæð en sem nemur afborgunum og vöxtum af langtímalánum.
Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 verður veltufé frá rekstri samstæðunnar 160 milljónir króna. Afborganir langtímalána nema hins vegar um 107 milljónum króna.

Tekjuforsendur

Reiknað er með að íbúafjöldi breytist lítið 2016. Íbúum fækkaði um 12 á árinu 2014. Gert er ráð fyrir að atvinnuástand verði sambærilegt og á árinu 2015 en atvinnustig hefur batnað frá árinu 2014 og



næstu árum þar á undan, einkum vegna mun meiri löndunar afla og aukinna umsvifa í ferðaþjónustu. Tekið er tillit til áhrifa kjarasamninga á tekjur en reikna má með nokkurri óvissu á næsta ári vegna stöðu kjarasamninga og gildistíma hluta þeirra. Eins er óvissa um niðurstöður yfirstandandi kjaraviðræðan og áhrif þeirra. Tekið er mið af útreikningum frá Hag- og upplýsingasviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga og áætlunum jöfnunarsjóðs varðandi framlög frá honum. Tekið er inn í útreikninga breytingar á fasteignagjaldstofni og miðað við að fasteignamat fyrir 2016 er 2,7% hærra en fyrir árið 2015 og að lóðamat hækkar um 3,8% milli ára. Gert er ráð fyrir öðrum tekjum áætlunarinnar á forsendum samninga, þjónustugjalda og miðað við selt magn þjónustu.

Útgjaldaforsendur

Tekið er mið af verðbólguþá Hagstofu Íslands sem gerir ráð fyrir 4,5% verðbólgu á árinu 2016. Jafnframt eru hafðir til hliðsjónar útreikningar frá Hag- og upplýsingasviði Sambands Íslenskra sveitarfélaga, upplýsingar frá Seðlabanka Íslands og greiningardeildum banka. Tekið er mið af launahækkunum samkvæmt kjarasamningum og spá um þróun launavísitölu Miðað er við að yfirvinna verði takmörkuð eins og kostur er. Þó ber hér að geta framangreinds fyrirvara um stöðu kjarasamninga. Aðhalds verði áfram gætt í kaupum á vörum og þjónustu eins og verið hefur. Framlög og styrkir verði að mestu óbreytt miðað við yfirstandandi ár.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2016

Fjárhagsáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2016, þriggja ára áætlun 2017 til 2019 og 10 ára áætlun, það er áætlun sem sýnir hvernig viðmiðum í 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitastjórnarlaga verður náð eru hér lagðar fram fyrir fyrri umræðu. Í áætluninni er reiknað er með að rekstrarniðurstaða A-hluti bæjarsjóðs verði jákvæð um 37,4 milljónir króna árið 2016 eftir fjármagnsliði. Gert ráð fyrir að niðurstaða A og B hluta eftir fjármagnsliði verði jákvæð um 70,4 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðunnar verði um 160 milljónir króna. Þarf af verði veltufé frá rekstri A-hluta 70 milljónir króna en það er hækkun sem nemur 12,6 milljónum króna frá fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár. Veltufé frá rekstri A-hluta lækkaði lækkaði árið 2014 um 13 milljónir króna frá áætlun þess árs. Veltufé frá rekstri B-hluta hækkar frá fjárhagsáætlun ársins 2015 um 53,7 milljónir króna. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 verða þær breytingar á eignum samstæðunnar að þær hækka um 10,3 milljónir króna. Fastafjármunir lækka um 22,6 milljónir króna frá áætlun ársins 2015. Veltufjármunir hækka um 32,9 milljónir króna. Um er að ræða áhrif af afskriftum og rekstri samstæðunnar. Eigið fé samstæðunnar fer samkvæmt áætluninni úr því að vera um 69,2 milljónir króna samkvæmt útkomuspá í að verða jákvætt á árinu 2016 sem nemur 123,6 milljónum króna. Langtímaskuldir lækka úr 797,5 milljónum króna í 726,2 milljónir króna eða um 71,3 milljónir króna. Heildarskuldir og skuldbindingar samkvæmt fjárhagsáætlun 2016 nema 1.145,2 milljónum króna.

00 Skatttekjur

Í fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að skatttekjur, með framlögum úr Jöfnunarsjóði, nemi 522,4 milljónum króna samanborið við 492,2 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2015. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að skatttekjur með tekjum úr jöfnunarsjóði hækki um 6,1%.

Útsvar

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að útsvarsprósenta verði 14,52% sem er lögbundið hámark. Samkvæmt fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að útsvarstekjur ársins 2016 nemi 344,8 milljónum króna samanborið við 320,5 milljónum króna í áætlun fyrir árið 2015. Tekjur af útsvari 2014 námu 283,8 milljónum króna.

Jöfnunarsjóður

Samkvæmt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem unnið er með í fjárhagsáætlun verða tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 103,5 milljónir króna á árinu 2016. Í áætlun fyrir árið 2015 var reiknað



með að framlög jöfnunarsjóðs næmu 96,7 milljónum króna. Það er lækkun sem nemur 6,8 milljónum króna. Tekjur úr jöfnunarsjóði 2016 námu 99,2 milljónum króna.

Fasteignagjöld

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er reiknað með að fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði (A) verði 0,625% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á opinberar húseignir í eigu ríkisins (B) er 1,32% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði (C) er 1,65% af fasteignamati húss og lóðar. Gert er ráð fyrir að lóðarleiga verði 2%. Gert er ráð fyrir að holræsagjald verði 0,335% af stofni. Vatnsskattur vegna íbúðarhúsnæði (A) verði 0,315% og vatnsskattur vegna atvinnuhúsnæðis (B) verði 0,45%. Ekki er gert ráð fyrir að gjöld vegna úrgangsmála breytist að svo komnu máli og að gjaldskrá komi til umfjöllunar þegar forsendur varðandi samninga um sorphirðu, flutning, móttöku og urðun skýrist. Þegar gengið hefur verið frá samningum meðhöndlun úrgangs en fyrir liggja niðurstöður útboðs verða lagðar fyrir tillögur um gjöld í gjaldskrá.

Gjaldskrár

Áhersla hefur verið lögð á af hálfu bæjarráðs og hafnarmálaráðs að lágmarka hækkanir á gjaldskrá og að heldur verði horft til aðhalds hvað útgjöld varðar. Í tillögum um gjaldskrárbreytingar er öllu jöfnu miðað við að gjöld hækki ekki umfram þróun verðlags. Afslættir til nema, öryrkja og eldir borgara verði með áþekku sniði og árið 2015. Þó er miðað við að draga úr gjaldfrjálsum aðgangi.

02 Félagsþjónusta

Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna félagsþjónustu hækki lítillega umfram heimildir í fjárhagsramma og að starfsemin verði í meginatriðum áþekkt og á yfirstandandi ári. Þó er reiknað með að þörf fyrir fjárhagsaðstoð aukist nokkuð umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárhagsramma eða úr 2,5 milljónir króna í 3,5 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að hluti útgjalda vegna velferðarnefndar færist á málaflökkinn. Reiknað er með að útgjöldin 2016 verði 36,8 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2015 var gert ráð fyrir 36 milljónum króna. Í málaflökkinn fóru árið 2014 27,5 milljónir króna.

04 Fræðslu og uppeldismál

Í tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að útgjöld til fræðslumála í heild verði 198,5 milljónir króna samanborett við fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 að upphæð 180,8 milljónir króna. Útgjöld vegna fræðslumála skiptist þannig milli stofnana málaflökksins. Vegna leikskólans Sólvalla 50,3 milljónir króna, sem voru í áætlun 2015 51,8 milljónir króna. Útgjöld við Leikskólann Sólvelli árið 2014 námu 51,9 milljónum króna. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna Seyðisfjarðarskóla verði á árinu 2016 122,1 milljónir króna. Þau voru í fjárhagsáætlun 2015 120,1 milljónir króna. Útgjöld vegna rekstur skólans árið 2014 námu 113,2 milljónum króna. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna reksturs skólamötuneytis nemi 6,6 milljónum króna. Í áætlun fyrir árið 2015 var reikna með 5,0 milljónum króna til reksturs þess. Útgjöld vegna reksturs mötuneytisins námu 6,1 milljónum króna árið 2014. Reiknað er með að útgjöld vegna Tónlistarskóla Seyðisfjarðar verði 16 milljónir króna, í áætlun 2015 var gert ráð fyrir 13,6 milljónum króna. Útgjöld vegna rekstrar tónlistarskólans árið 2014 námu 13,8 milljónir króna. Í öllum tilvikum er um að ræða útgjöld að frádregnum tekjum af innheimtum þjónustugjöldum og öðrum tekjum. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir innheimtu þjónustugjalda vegna: Leikskólans Sólvalla 9,9 milljónum króna, Seyðisfjarðarskóla 1,5 milljónum króna, vegna Tónlistarskóla Seyðisfjarðar 1,5 milljónir króna og vegna skólamötuneytisins 6,5 milljónum króna. Það gera samtals um 19,4 milljónir króna samanborett við 20,8 milljónir króna 2015.

05 Menningarmál

Í áætluninni er reikna með að útgjöld til menningarmála nemi 36,6 milljónum króna. Árið 2015 var gert ráð fyrir í áætlun 35,3 milljónum króna. Rekstur málaflökksins árið 2014 nam 34,9 milljónum króna að frádregnum tekjum sem námu 16,6 milljónum króna. Eins og fyrir árið 2015 er áætlað fyrir



launum starfsmanna í sumurvinnu á deildir sem njóta starfskrafta þeirra. Á það við um Tæknimínjasafnið og Kirkjubyggingar. Í tillögunni áætlað fyrir tekjum og útgjöldum vegna viðburða svo sem og LungA eða Bláu kirkjuna en miðað hefur verið við að reka þá á grundvella tekna sem tekst að afla til þeirra og beinum framlögum kaupstaðarins í fjárhagsáætlun. Miðstöð menningarfræða er áfram færð undir málaflokknum þar sem framlög til hennar koma beint til kaupstaðarins, útgjöld greiðast síðan til Austurbrúar í samræmi við ábyrgðaraðilasamning þar um. Framlög til félagasamtaka stofnana og viðburða hækka ekki í áætluninni frá árinu 2015.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er áætlað er að útgjöld til íþróttá og æskulýðsmála að frádregnum tekjum nemi 54,7 milljónum króna. Í áætlun ársins 2015 var gert ráð fyrir að útgjöld næmu 51,4 milljónum króna. Útgjöld vegna málaflokksins árið 2014 voru 48 milljónir króna. Gert er ráð fyrir 1,3 milljónum króna vegna íþróttafulltrúa. Gert er ráð fyrir meiri starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og að útgjöld vegna hennar nemi 2,4 milljónum króna á árinu 2016 samanborið við 2,2 milljónir króna á áætlun fyrir árið 2015. Útgjöld vegna félagsmiðstöðvar árið 2014 námu 1,2 milljónum króna. Reiknað er með að útgjöld vegna Íþróttamiðstöðvarinnar nemi 15,8 milljónum króna en í áætlun fyrir árið 2015 var gert ráð fyrir að útgjöld næmu 13,6 milljónum króna. Útgjöld vegna reksturs íþróttamiðstöðvarinnar 2014 námu 13,1 milljón króna. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna Sundhallar Seyðisfjarðar að frádregnum tekjum nemi 11,3 milljónum króna samanborið við 12,7 milljónir króna í áætlun ársins 2015. Gert er ráð fyrir lítilsháttar hækkun framlags til Skíðafélagsins í Stafdal vegna samstarfs Fljótsdalshéraðs, Skíðafélagsins í Stafdal og kaupstaðarins um starfrækslu skíðasvæðisins í Stafdal og að upphæðin nemi 5 milljónum. Gert er ráð fyrir 0,5 milljónum króna til kaupa á búnaði fyrir skíðaleigu til viðbótar þeim sem fyrir er. Góð reynsla var að rekstri skíðleigu s.l. vetur. Það er mat samstarfsnefndar um starfsemi skíðasvæðisins í Stafdal að það muni auka tekjur svæðisins og þannig drag úr þörf fyrir hækkun framlaga til rekstrarins. Þá er gert ráð fyrir færslu framlagsins vegna starfseminnar í Stafdal úr deild, íþróttafélag í þá deild sem notuð er til að halda utan um rekstur skíðasvæðisins. Gert er ráð fyrir nokkurri hækkun vegna golfvallar eða sem nemur 0,6 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að innheimta þjónustugjalda skili tekjum vegna íþróttamiðstöðvarinnar 3,5 milljónum króna og vegna sundhallarinnar 3,1 milljónum króna, samtals um 6,6 milljónum króna.

07 Brunamál og almannavarnir

Áætluð útgjöld vegna bruna- og almannavarna nema 12,5 milljón króna. Fyrir árið 2015 voru í áætlun 8,7 milljónir króna. Útgjöld vegna rekstrar málaflokksins námu 6,7 milljónum króna árið 2014. Gert er ráð fyrir 4,2 milljóna króna hækkun frá áætlun 2015 vegna slökkvistöðvar vegna endurnýjunar búnaðar slökkviliðs kjarasamninga slökkviliðsmanna. Áætlun slökkviliðs á vörukaupaliðum byggist á fjárfestingaáætlun vegna brunavarnaráætlunar. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna almannavara verði sem nemur 0,3 milljón króna. Gert er ráð fyrir kaupum á nauðsynlegan búnað í sameiginlega stjórnstöð almannavarnarnefndar Múlaþings.

08 Hreinlætismál

Í fjárhagsáætlun við fyrri umræðu er málaflokkurinn að mestu með sömu uppstillingu og fyrir yfirstandandi ár. Mun málaflokkurinn koma til vinnslu í bæjarráði milli umræðna þegar gengið hefur verið frá samningi á grundvelli sameiginlegs útboðs fyrir Seyðisfjörð, Fljótsdalshérað og Fljótsdalshrepp á sorphirðu, flutningi og rekstri móttökustöðvar.

09 Skipulags og byggingamál

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að útgjöld vegna skipulags og byggingarmála verði 11,4 milljónir króna. Fyrir árið 2015 voru áætlaðar 10,5 milljónir króna. Fyrir liggur að breyta þarf nýlega samþykktu aðalskipulag kaupstaðarins vegna breytts hættumats fyrir Ölduna en málið hefur verið til



yfirferðar í Umhverfissráðuneytinu. Gert er ráð fyrir 1,5 milljónum króna vegna þess. Gert er ráð fyrir 1,8 milljónum króna í deiliskipulag, til að láta vinna deiliskipulag á hluta af hverfisverndaða svæðinu á Öldunni og einnig Ársstíg. Þá liggur fyrir samþykkt um að vinna fornleifaskráningu á Vestdalseyri og mögulega í framhaldi af því breytingu á aðalskipulagi. Horfa þarf til þess við yfirferð í bæjarráði milli umræðna.

10 Umferðar og samgöngumál

Í fjárhagsáætlun eru útgjöld málaflokksins fyrir árið 2016 áætluð 20,4 milljónir króna, samanborið við 18,4 milljónir króna fyrir árið 2015. Árið 2014 námu útgjöld 13,9 milljónum króna. Helsta breytingin er að gert er ráð fyrir aukningu útgjalda vegna hálkuvana með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára. en því til viðbótar hækka deildir málaflokksins sem nemur römmum fjárhagsáætlunar. Innan málaflokksins er áherslubreyting frá árinu 2015 á þann veg að ekki er gert ráð fyrir fjármunum í gerð og viðhald reiðstíga en aukið við fjármagn til stígagerðar. Tilfærslan nemur um 0,5 milljónum króna.

11 Umhverfismál

Reiknað er með að útgjöld til umhverfismála verði 15,6 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2015 námu útgjöld til málaflokksins 14,8 milljónum króna Niðurstaða ársins 2013 var 17,8 milljón króna.

13 Atvinnumál

Samkvæmt fjárhagsáætlun verða útgjöld vegna málaflokksins árið 2016 17,2 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2015 var gert ráð fyrir 14,2 milljónum króna. Til atvinnumála árið 2014 var ráðstafað 11,3 milljónum króna. Helsta breyting innan málaflokksins frá áætlun ársins 2015 felst að í deild atvinnumálafulltrúa er gert ráð fyrir að útgjöld nemi 1,3 milljónum króna. Í vinnuamarkaðsúrræði er reiknað með lækkun útgjalda um 1,2 milljónir króna. Útgjöld vegna upplýsingamiðstöðvar nemi 2,5 milljónum króna samanborið við 1,3 í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015. Útgjöld vegna ársins 2014 námu 1,6 milljónum króna. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna deildar ferðamálafulltrúa nemi 5,8 milljónum króna samanborið við 3,8 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2015. Breytingin skýrist helst að lækkun tekna og útgjöldum vegna launakostnaðar.

21 Sameiginlegur kostnaður

Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður nemi 44, milljónum króna árið 2016. Fyrir árið 2015 var áætlað að sameiginlegur kostnaður næmi 43,3 milljónum króna. Niðurstaðan 2014 var 46,4 milljónir króna.

22 Breyting lífeyrisskuldbindinga

Reiknað er með að þessi liður nemi 25,5 milljónum króna samanborið við 17 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2015. Árið 2014 nam breyting lífeyrisskuldbindingar 23,7 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir gjaldfærðri og greiddri breytingu lífeyrisskuldbindinga.

28 Fjármagnsliðir

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2016 verður niðurstaða af fjármagnsliðum það er fjármagnstekjur að frádrögnum fjármagnsgjöldum neikvæð um 11,9 milljónir króna samanborið við jákvæða niðurstöðu í áætlun fyrir árið 2015 sem nam 1,5 milljónum króna. Niðurstaða ársins 2014 var jákvæð sem nam 0,7 milljónum króna.

31 Eignasjóður

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir 2016 er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu sem nemur 12,9 milljónum króna. Í áætlun 2015 var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu að upphæð 5 milljónum króna. Afkoman árið 2014 var jákvæð um 22,9 milljónir króna. Gert er ráð fyrir um 13 milljónum króna til viðhalds. Það



getur engu síður ekki talist viðunandi til lengdar eigi að viðhalda eignunum sjóðsins þannig að ásættanlegt geti talist. Þá er sérstaklega gert ráð fyrir viðhaldi vegna skíðalyftu og snjótroðara um það bil 2 milljónum króna í samræmi við niðurstöður samstarfsnefndar um skíðasvæðið í Stafdal. Um er að ræða endurnýjun á búnaði í tönn á troðara og endurbótum skíðalyftu á neðra svæði.

33 Þjónustustöð

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að útgjöld vegna þjónustustöðvar umfram tekjur verði um 14,6 milljónir króna. Í áætlun fyrir árið 2015 var reikna með að útgjöld umfram tekjur næmu 15,6 milljón króna. Árið 2014 námu útgjöld vegna þjónustumiðstöðvarinnar 18,3 milljónum króna. Áætlunin fyrir þjónustustöð eða áhaldahús er í samræmi við ramma fjárhagsáætlunar.

41 Hafnarsjóður

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur af hafnargjöldum og seldri þjónustu nemi 156,6 milljónum króna. Í fjárhagsáætlun hafnarinnar fyrir árið 2015 var reiknað með að þær næmu 100,9 milljónum króna. Á árinu 2014 voru tekjur hafnarsjóðs af almennum hafnargjöldum og þjónustugjöldum 123,8 milljónir króna. Tekjur hafnarsjóðs eru háðar nokkurri óvissu. Yfirstandandi ár hefur verið hafnarsjóði tiltölulega hagstætt einkum vegna magns landaðs uppsjávarafla. Þannig var veruleg aukning á löndun og vinnslu botnfisks og löndun uppsjávarafla í meðallagi samanborið við undanfarin ár. Gert er ráð fyrir að umsvif hafnarinnar verði svipuð árið 2016 og á yfirstandandi ári. Skemmtiferðaskip verða að líkindum fleiri á árinu 2016 en í ár. Gert er ráð fyrir jákvæðri afkomu hafnarsjóðs árið 2016 sem nemur 36,4 milljónum króna samanborið við 0,5 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2015. Gert er ráð fyrir að fjármagnsgjöld nemi 29,6 milljónum króna samanborið við 29 milljónir króna í áætlun fyrir árið 2015. Árið 2014 var afkoma hafnarsjóðs jákvæð sem nam 34,5 milljónum króna. Miðað er við að áfram verði unnið markvisst að markaðssetningu hafnarinnar. Gert er ráð 20 milljónum króna til endurbóta og frágangs á viðlegu og hafnarsvæðum

43 Vatnsveita

Í áætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að rekstur vatnsveitunnar skili jákvæðri niðurstöðu sem nemur 3,2 milljón króna eftir fjármagnsliði. Í áætlun fyrir 2015 var gert ráð fyrir að jákvæð niðurstaða yrði 5,6 milljónir króna. Niðurstaða rekstrar eftir fjármagnsliði árið 2014 var jákvæð um 9,8 milljónir króna.

55 Leigueignir

Reiknað er með að útgjöld vegna leigueigna árið 2016 verði um 4,2 milljónir króna eftir fjármagnsliði sem nema 2,8 milljónum króna. Það er heldur lægra en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2015.

57 Félagslegar íbúðir

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að útgjöld vegna rekstrar félagslegra íbúða nemi 0,7 milljónum króna. Í áætlun fyrir árið 2015 var gert ráð að niðurstaðan yrði jákvæð sem næmi 1,2 milljónum króna.

61 Fráveita

Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að rekstur fráveitunnar verði í jafnvægi Í áætlun ársins 2014 var gert ráð fyrir halla að upphæð 2,6 milljónum króna. Rekstrarniðurstaðan 2014 var jákvæð sem nam 0,2 milljón króna.



Framkvæmdir og fjárfestingar 2016.

Gerð er tillaga um framlag í fjárfestingar í A-hluta til að mæta verkefnum sem sótt hefur verið um framlög til hjá Framkvæmdasjóði ferðamála. Hafnarmálaráð gerir tillögu um að fjárfestingar í endurbætur og frágang á viðlegu og hafnarsvæði nemi 20 milljóna króna. Tillagan er sett fram með hliðsjón af auknum umsvifum hafnarinnar en um bráðnauðsynlegar framkvæmdir er að ræða.

Hafnarsjóður

Tillaga hafnarmálaráðs um fjárfestingaramma upp á 20 milljónir króna.

Vatnsveita

Undirliggjandi er þörf á endurnýjun dreifikerfis og þörf á að taka fyrri áætlanir til skoðunar í öllu falli í tengslum við þriggja ára áætlun fyrir seinni umræðu.

Eignasjóður

Ekki eru lagðar til fjárfestingar á vegum eignasjóðs. Þess í stað verði áhersla lögð á viðhald eigna sjóðsins með þeim fjármunum sem lagðar eru til í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Fjármögnun

Af hálfu bæjarráðs og hafnarmálaráðs er fylgt stefnu í framlagðri tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 að miða við að framkvæmdir verði fjármagnaðar af handbæru fé.

Þriggja ára áætlun

Þriggja ára áætlun 2015 til 2018 er sett fram á föstu verðlagi hvað rekstrarliði varðar en efnahagsliðir vísitölureiknaðir. Í henni er ekki gert ráð fyrir breytingum á rekstri eða starfsemi umfram það sem nemur þróun starfseminnar milli árana 2015 og 2016.

10 ára áætlun

Samkvæmt áætlun um hvernig viðmiðum 2. tl. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga var viðmiðinu náð í árslok 2014. Til glöggvunar er lagatilvísunin klippt hér inn skáletruð. „2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærrí en nemur 150% af reglulegum tekjum.“

Forstöðumönnum og starfsmönnum er þakkað fyrir gott samstarf við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016. Fulltrúum í bæjarráði, hafnarmálaráði og nefndum þakka ég fyrir gott samstarf við gerð hennar. Fjárhagsáætlun og gjaldskrár fyrir Seyðisfjarðarkaupstað, stofnanir, fyrirtæki og sjóði hans fyrir árið 2016 ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2017 til 2019 og 10 ára áætlun eru hér lagðar fram til fyrri umræðu og leggur bærarstjóri til að þær verði samþykktar til síðari umræðu.

11. nóvember 2015

Vilhjálmur Jónsson
Bærarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar